

Alþingi

Erindi nr. B 120, 1486

komudagur 16.4 1996

Efnahags og viðskiptanefnd
Alþingis, Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Reyðarfirði 10.apríl.1996.

Efni: umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi krefs þess að frumvarpið verði dregið til baka í þeirri mynd sem það hér er lagt fram.

Það er óviðunandi að stjórnvöld skuli með jafn ábyrgðarlausum hætti ganga inn í kjarasamninga stéttarféлага og einstaklinga eins og þarna er gert, og skerða með því lífskjör og réttindi launafólks.

Það hlítur að vera öllum ljóst sem á Alþingi sitja, eins og öðrum opinberum starfsmönnum að kjarasamningar, svo og einnig ráðningasamningar einstakra opinberra starfsmanna eru að stórum hluta byggðir á áðurnefndum lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, enda vísað beint til laganna í kjarasamningum, og í ráðningarsamningum einstaklinga.


Ef ríkisstjórnin lætur þettað frumvarp fara óbreytt, til endanlegrar afgreiðslu á Alþingi gegn vilja, og án samkomulags við opinbera starfsmenn, lítur Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi svo á að brotist hafi verið inn í umsamin launakjör og réttindi opinberra starfsmanna og þaug skert þannig að ekki verði við unað.

Að öðru leyti vísar Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi til umsagnar B.S.R.B. um frumvarpið, sem er sameiginlegt álit allra félaganna innan B.S.R.B. unnin og samþykkt af þeim öllum.

FOSA

Kt.: 580687-1729

Fyrir hönd F.O.S.A.


Þorvaldur Jónsson.